

## Hverfisráð Háaleitis og Bústaða

Ár 2015, mánudaginn 14. sept. kl.16:30, var haldinn 135 fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Kristín Erna Arnarsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Bergný Sævarsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir frá Íbúasamtökum Bústaða og Fossvogshverfis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í ÞLH sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins eru Ásta Guðrún Beck, Theodóra Sigurðardóttir og Halldór N. Lárusson.

### Petta gerðist:

1. Staða verkefna í Betri Hverfi. Ásta Guðrún Beck og Theodóra Sigurðardóttir á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara kynna verkefnið Betri hverfi og Betri Reykjavík. Umræður um verkefnið og fyrirhugaða stjórnsýsluúttekt á verkefnum.
2. Fyrirspurn til hverfisráðs varðandi eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu. Ásta Guðrún Beck og Theodóra Sigurðardóttir kynna. Umræður um hverfisráðin.
  - Kl. 17:47 Ásta Guðrún og Theodóra víkja af fundinum
  - Kl. 17:53 Valgerður Sólveig Pálsdóttir víkur af fundinum.
3. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Halldór N. Lárusson deildarstjóri þjónustu og rekstrar kynni skýrsluna.

Hverfisráð fagnar gerð skýrslunnar og tekur undir með að nauðsynlegt er að Reykjavíkurborg setji fram samræmdari stefnu um þjónustuveitingu borgarinnar þar sem þjónustan tekur mið af þörfum íbúa frekar en stjórnsýslu borgarinnar.

  - Kl. 18:30 Halldór N. Lárusson víkur af fundinum.
4. Fyrirhuguð bygging Hjallaskóla í Fossvogi. Umræður.
5. Deiliskipulagsgerð v. lóðarinnar Efstaleiti 1. Umræður.
6. Efnisveita – Nytjahönnunarmiðja. Umræður um sjálfbærni, nytjahönnun og samstarf kynslóða.
7. Fulltrúi Íbúasamtaka Bústaða og Fossvogshverfis bendir á slæmt ástand á Grensásvegi og óskar eftir upplýsingum um framhaldið í ljósi frestunar á framkvæmdum við Grensásveg. Einnig bendir fulltrúinn á umferðarhættur á Bústaðavegi og óskar eftir upplýsingum um úrbætur til að auka umferðaröryggi barna.

Hverfisráð felur framkvæmdastjóra að afla nánari upplýsinga um svör við þessum spurningum.

### Fundi lauk kl. 19:00

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Kristín Erna Arnardóttir (Sign)  
Elínóra Sigurðardóttir (Sign)

Sigurður Eggertsson (Sign)  
Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)